



Proskapjálfafélag
Íslands

**Aðalfundur
Proskapjálfafélags Íslands
Borgartúni 6, 105 Reykjavík
28. apríl 2015**

Þessi eru skyldustörf aðalfundar:

- a) Kosnir starfsmenn fundarins
- b) Formaður leggur fram skýrslu stjórnar
- c) Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gerir grein fyrir fjárhag þess
- d) Lagabreytingar
- e) Kosning í stjórn, nefndir og ráð
- f) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins til vara
- g) Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld ákveðin
- h) Önnur mál

Stjórn ÞÍ

Stjórn ÞÍ skipuðu: Laufey Elísabet Gissurardóttir formaður, Halldóra Jóhannesdóttir Sanko varaformaður, Kristín J. Sigurjónsdóttir, ritari, Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir gjaldkeri og meðstjórnendurnir Guðrún Halla Jónsdóttir, Steinunn Jónsdóttir og Jón Þorsteinn Sigurðsson.

Tengiliðir við nefndir og ráð:

Halldóra Jóhannesdóttir Sanko er tengiliður við Trúnaðarmannaráð.

Kristín J. Sigurjónsdóttir er tengiliður við Fagráð.

Guðrún Halla Jónsdóttir er fulltrúi félagsins í Þroskahjálp.

Jón Þorsteinn Sigurðsson er tengiliður við Laganefnd.

Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir situr í stjórn Vísinda- og Kjaradeilusjóðs.

Anna Björk Sverrisdóttir, þroskahjálfi er fulltrúi í Netlu

Anna Lilja Magnúsdóttir er tengiliður við Kjörnefnd.

Laufey Elísabet Gissurardóttir er tengiliður við Siðanefnd, Útgáfuráð og fulltrúi í stjórn NFFS.

Ingibjörg E. Jóhannsdóttir er fulltrúi ÞÍ í stjórn NFFS.

Hlutverk skrifstofu

Á skrifstofu félagsins starfa formaður og framkvæmdastjóri í fullu starfi.

Þar eru unnin flest þau verkefni sem snúa að rekstri félagsins og stjórnun þess. Meðal helstu verkefna má nefna:

- Ráðgjöf vegna kjara- og réttindamála.
- Ráðgjöf vegna ráðningarsamninga.
- Kjarasamningagerð og stofnanasamningagerð.
- Upplýsingar varðandi launakjör og launaþróun.
- Fræðsla frá formanni og framkvæmdastjóra út á stofnunum/fyrirtækjum þar sem félagsmenn starfa.
- Lögfræðipjónustu BHM á sviði vinnuréttar.
- Aðstoð við lausn ágreiningsmála á vinnustað.
- Ráðgjöf til félagsmanna í atvinnuleit og styrki til atvinnulausra félagsmanna.
- Félagið er talsmaður/fulltrúi félagsmanna í einstaklingsmálum, ef óskað er eftir.
- Annast samstarf við NFFS (nordisk forum for socialpedagoga og situr formaður ásamt formanni fagráðs í stjórn NFFS) einnig samstarf við AIEJI sem eru alþjóðleg samtök þroskahjálfa/social educators.
- Aðgang að sjúðum BHM (sjúkrasjóðir, orlofssjóður, starfsmenntasjóðir).
- Aðgang að orlofshúsum BHM.
- Styrki úr Vísindasjóð og fag- og fræðslusjóði
- Félagið birtir atvinnuauglýsingar fyrir félagsmenn og vinnustaði.
- Halda yfirlit yfir og bókfæra innheimt félagsgjöld og önnur samningsbundin og lögboðin gjöld.

- Færa bókhald fyrir sjóði félagsins og skrifstofuna.
- Annast skráningu nýrra félagsmanna og viðhalda félagaskrá og netfangalista.
- Senda grunnupplýsingar til vinnuveitenda varðandi félagsgjöld og sjóði.
- Annast skjalavörslu, bréfaskriftir og upplýsingamiðlun.
- Annast dagleg samskipti við viðskiptaaðila, s.s. stjórnir, nefndir, ráð, BHM, DK, viðskiptabanka og Advania.
- Aðstoða einstaka félagsmenn, trúnaðarmenn og fulltrúa í samstarfsnefndum og kjaranefndum við túlkun og framkvæmd kjarasamninga.
- Undirbúa félagsfundi.
- Undirbúa starfsdaga ásamt undirbúningsnefnd fagráðs og stjórnar ÞÍ.
- Undirbúa málþing ásamt undirbúningsnefnd fagráðs og stjórnar ÞÍ.
- Undirbúa fræðslu ÞÍ.
- Funda með trúnaðarmönnum og félagsmönnum á vinnustöðum um allt land.
- Ýmis vinna tengd BHM.
- Undirbúningur fyrir aðalfund.
- Vera í tengslum við ráð og nefndir félagsins.
- Fræðsla til háskólanema.

Reikningsár skrifstofunnar er almanaksárið. Reikningar eru skoðaðir af gjaldkera og skoðunarmönnum félagsins.

Hefðbundin stjórnarstörf

Stjórn fundaði reglulega á árinu eða í alls 11 skipti. Auk þess hélt stjórn einn vinnufund vegna starfaáætlunar félagsins. Umfjöllunarefni stjórnar þetta árið voru fyrst og fremst kjaramál auk fag- og rekstrarmála félagsins.

Starfsárið 2014 -2015

Sameiginlegur fundur með ráðum og nefndum var haldinn 1. september 2014, þar sem markmið fyrir starfsárið voru sett og skipting verka átti sér stað. Í ráðum og nefndum félagsins þetta starfsár voru:

Fagráð

Elva Ösp Ólafsdóttir (2014-2016)

Brynhildur Jónsdóttir (2014-2016)

Ingibjörg E. Jóhannsdóttir (2014-2016)

Margrét Smith (2014-2016)

Sigurbjörg G. Friðriksdóttir (2013-2015)

Einar Þór Jónsson (2013-2015)

Arne Friðrik Karlsson (2013-2015)

Tengiliður við stjórn: Kristín J. Sigurjónsdóttir(2014- 2015)

Kjörnefnd

Rún Halldórsdóttir(2014-2016)
Hrafnhildur Lára Þórðardóttir (2014-2016)
Katrín Sigursteinsdóttir (2013-2015)
Valborg Helgadóttir (2013-2015)
Sigríður Rut Hilmarsdóttir (2013-2015)
Tengiliður við stjórn: Anna Lilja Magnúsdóttir

Laganefnd

Rannveig Ragnarsdóttir (2014-2016)
Halla Steinunn Hinriksdóttir (2014-2016)
Ólafur Garðar Rósinkarsson (2013-2015)
Ingunn Rán Kristinsdóttir(2013-2015)
Laufey Birna Tryggvadóttir (2013-2015)
Tengiliður við stjórn: Jón Þorsteinn Sigurðsson (2014-2015)

Siðanefnd

Hrefna Sigurðardóttir (2013-2016)
Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir (2014-2017)
Signý Þórðardóttir (2012-2015)
Varamenn:
Friðrik Sigurðsson (2013-2016)
Árni Már Björnsson (2014-2017)
Sigríður Daníelsdóttir (2012-2015)
Tengiliður við stjórn: Laufey Elísabet Gissurardóttir

Útgáfuráð

Auður Kvaran (2014-2016)
Guðný Jónsdóttir (2014-2016)
Oddrún Ólafsdóttir (2014-2016)
Áslaug Rut Kristinsdóttir (2013-2015)
Kristrún Sigurjónsdóttir (2013-2015)
Herdís Ingibjörg Svansdóttir (2013-2015)
Kristín Lillendahl frá Rannsóknarstofu í þroskaþjálfrafræðum
Tengiliður við stjórn: Laufey Elísabet Gissurardóttir

Vísindasjóðsstjórn

Valborg Helgadóttir
Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir, gjaldkeri ÞÍ
Þóranna Halldórsdóttir
Ragnheiður Elín Ragnarsdóttir
Bjarnveig Magnúsdóttir
Tengiliður við stjórn: Anna Lilja Magnúsdóttir

Stéttarfélagar eru 709 talsins, fagaðilar 11 lífeyrisþegar eru 15 auk þess sem nokkrir nemar í þroskaþjálfafraeðum skráðu sig sem aukafélaga.

Skipulagðir trúnaðarmannafundir voru alls fjórir á starfsárinu. Þeir voru haldnir 2. maí 2014, 4. september 2014, 14. nóvember 2014 og 27. febrúar 2015, sjá skýrslu frá trúnaðarmannaráði.

Í trúnaðarmannaráði eru:

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins
Þórunna Halldórsdóttir

Reykjavík-Velferðarsvið
Oddrún Ólafsdóttir

Framhaldsskólar
Jóhanna Jónsdóttir

Grunnskólar Reykjavíkur
Ragnheiður E. Ragnarsdóttir

Ás styrktarfélag/búseta
Þórhildur Svanbergdóttir

Fellaskóli grunnskóli í Reykjavík
Halldóra Jóhannesdóttir Sanko

Lækjarás/ Lyngás
Bjarghildur Pálsdóttir

Klettaskóli
Margrét Valgerður Pálsdóttir

Skálatúnshemilið
Jónína Árnadóttir

Leikskólar Reykjavíkur
Ingibjörg Sandholt

Hafnarfjörður
Sigrún Jónsdóttir

Seltjarnarnesbær
Jóhanna Ósk Ólafsdóttir

Hafnarfjörður leikskólar
Guðný Egilsdóttir

Austurland
Elísabet Ósk Sigurðardóttir

Bjarkarás/Ás vinnustofa
Sigríður Steinólfsdóttir

Norðurland
Gestur Guðrúnarson

Víðivellir í Hafnarfirði
Eygló Jóhanna Guðjónsdóttir

Suðurland
Steinunn Jónsdóttir

Mosfellsbær
Gerður Pálsdóttir

Grunnskólar á Suðurlandi
Karen Erlingsdóttir

Reykjanesbær
Linda Birgisdóttir

Grunnskólar Akraness
Andrea Magnúsdóttir

Reykjavík-Velferðarsvið
Elsa Eiríksdóttir Hjartar

Vestfirðir
Arnheiður Jónsdóttir

Garðabær búseta
Gíslný Bára Þórðarsóttir

Garðabær skóli leikskóli
Margrét Ósk Gunnarsdóttir

Kópavogur
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir

Eins og undanfarin ár hefur formaður félagsins lagt áherslu á að funda með þroskajálfum og trúnaðarmönnum um land allt. Markmiðið hefur verið að ná til sem flestra félaga og heyra hvernig gengur, kynna hvað er á döfinni og kynna kjarasamninga.

Fundirnir voru allnokkrir með trúnaðarmönnum og félagsmönnum eins og sjá má:

Skálatúni 28 maí 2014
Lækjarskóla 23. september 2014
Greiningar-og ráðgjafastöð ríkisins 10. október 2014
Velferðarsvið Reykjavíkurborgar 15. október 2014
Reykjanesbæ 25. nóvember 2014
Skálatúni 28.nóvember 2014
Suðurlandi 28.nóvember 2014
Lækjarskóla 5. janúar 2015
Ármúlaskóla 12. janúar 2015
Lækjarskóla 15. janúar 2015
Egilsstaðir 12. febrúar 2015
Akureyri 12.mars 2015
Klettaskóla 21. apríl 2015

Kjaramálin

Starfsárið hefur einkennst af kjaraviðræðum og gerð kjarasamninga, en þrír stærstu samningarnir voru unnir í samstarfi við önnur aðildarfélag BHM. Þann 30. mars 2014 var skrifað undir samkomulag um breytingar og framlengingu kjarasamnings við Samband íslenskra sveitafélaga og gildir hann til 31. ágúst 2015. Ekki var hreyft við starfaskilgreiningum en sett inn í viðræðuáætlun áætlun um vinnu á milli samninga sem verði lögð til grundvallar. Skrifað var undir samning við Reykjavíkurborg 16. apríl 2014 og gildir sá samningur einnig til 31. ágúst 2015. Í þann samning bættist við Starfsþróunarsetur háskólamanna líkt og er hjá ríkinu. Einnig var skrifað undir endurskoðun á starfsmati fyrir öll aðildarfélag BHM sem eru í því. Þeirri vinnu átti að vera lokið 1. nóvember 2014 en staðreyndin varð sú að seinustu þroskajálfarnir fengu sína leiðréttingu 1. febrúar 2015. Það voru þau störf sem breyttu um starfsheiti. Fulltrúi aðildarfélaganna í endurskoðuninni var framkvæmdastjóri félagsins. Í lok maí 2014 var skrifað undir samning við ríkið og rann sá samningur út 28. febrúar 2015. Samningurinn sem gerður var við ríkið var nefndur vopnahléssamningur þar sem ekki var talið að forsenda fyrir aðgerðir að sumri til.

Fljótlega eftir að viðræður hófust við opinbera vinnuveitendur í byrjun árs 2015 var settur saman aðgerðarhópur til að skipuleggja aðgerðir með það að markmiði að styrkja kjaraviðræður. Sameiginlegur kjarafundur var haldinn í Austurbæ þann 5. mars Fundurinn beindi því til stjórnvalda að setja þekkingu í forgang á íslenskum vinnumarkaði, leiðrétta laun félagsmanna BHM og þannig að stuðla að hagsæld til framtíðar. Þar sem ekki var búið að semja við ríkið 7. apríl hófust verkföll nokkurra félaga inn BHM.

Samstöðufundur var haldinn 9. apríl en þá gerðu allir BHM starfsmenn hjá ríkinu verkfall og söfnuðust saman á Lækjartorgi og gengu saman að fjármálaráðuneytinu þar sem afhent var áskorun um að menntun verði metin til launa. Göngunni varhaldið áfram í Rúgbrauðsgerðina þar sem haldinn var fundur. Mjög góð mæting var á þessum samstöðufundi eða um 3000

manns. Hádegisfundur var boðaður þann 21. apríl í Rúgbrauðsgerðinni með hálfsdags fyrirvara. Það var gert til að upplýsa félagsmenn aðildarfélaganna um þá grafalvarlegu stöðu sem upp var komin. Félagið hefur fundað sérstaklega með ríkinu í 5 skipti til að ræða sérmál félagsins auk þess sem sameiginlegir fundir hafa nú þegar verið alls X.

Kjarakönnun 2015

Kjarakönnun var gerð þriðja árið í röð. Maskína – rannsóknarfyrirtæki hefur séð um framkvæmd könnunarinnar, með þessari könnun fáum við mikilvægar upplýsingar sem nýtast vel í kjarasamningagerð. Í ár var könnunin styttnokkuð og einblínt á launahluta hennar. Mikilvægt er að ná góðri svörun.

50 ára afmæli ÞÍ

Á þessu ári 2015 höldum við upp á 50 ára afmæli Þroskaþjálfafélags Íslands. Af því tilefni gefur félagið út bókina „Þroskaþjálfar á Íslandi - **Saga stéttar í hálföld**“ sem Þorvaldur Kristinsson hefur ritað að beiðni félagsins.

Í bókinni er rakin saga stéttarinnar frá því að fyrstu gæslusystur, sem svo voru nefndar, hófu störf á Kópavogshæli og allt til okkar daga, en sem kunnugt er hefur það einkum verið hlutverk stéttarinnar að aðstoða fatlað fólk, ekki síst fólk með þroskahömlun, í leit að mannvirðingu og mannréttindum. Í bókinni er sagt frá störfum stéttarinnar, baráttu hennar fyrir góðri menntun og mannsæmandi kjörum. Þá er faglegri þróun stéttarinnar lýst svo og hugmyndafræðinni að baki störfum þroskaþjálfara. Loks er í bókinni skrá yfir alla þroskaþjálfara sem menntast hafa á Íslandi eða fengið starfsleyfi að lokinni þroskaþjálfamenntun í öðrum löndum.

Í tilefni þessara merku tímamóta verður haldin afmælisveisla á sjálfan afmælisdaginn 18. maí. Afmælisveislan hefst með því að nokkrir þroskaþjálfar munu rifja upp nám sitt og störf og að því loknu mun vera boðið upp á léttar veitingar.

Afmælisnefnd félagsins hefur séð um undirbúning afmælisins. Nefndina skipa Ragnhildur Sigurðardóttir, formaður nefndarinnar, Bjargey Una Hinriksdóttir, Friðrik Sigurðsson, Guðrún Lilja Númadóttir, Halldóra Jóhannesdóttir Sanko, Hrönn Kristjánsdóttir og Kristjana Sigurðardóttir, og fyrir hönd stjórnar situr formaður félagsins í nefndinni ásamt framkvæmdastjóra ÞÍ.

Fræðslufundir og starfsdagar

Fræðslufundur ÞÍ var haldinn 4. nóvember 2014. Erindið hélt Guðrún Snorradóttir sem hefur sérhæft sig í jákvæðri sálfræði. Fræðsluerindið var um viðhorf og ábyrgð í vinnu. Var þetta erindi hluti af undirbúningi fyrir komandi starfsdaga í janúar 2015.

Starfsdagar ÞÍ voru haldnir á Hótel Örk í Hveragerði daganna 29. og 30. janúar. Vel var mætt á starfsdaganna eða um 130 þroskaþjálfar og voru þátttakendur ánægðir með daganna. Ákveðið var að fá til liðs við okkur sálfræðinginn Kristján Má Magnússon sem hefur meðal annars sérhæft sig í stefnumótun fyrirtækja og stjórnenda. Inntak starfsdagana var að horfa til starfa og starfsvettvangs þroskaþjálfara árið 2025. Starfsdagarnir fóru svo í að móta framtíð þroskaþjálfara með hugmyndavinnu, úrvinnslu og aðgerðaráætlun í kjölfarið. Stjórn ákvað að

ráða Hönnu Kristínu Sigurðardóttur sem verkefnastjóra eftir starfsdaganna og til að vinna úr þeim miklu gögnum sem unnin voru á starfsdögum. Hefur Hanna Kristín unnið með fagraði og sett niður drög að framtíðarsýn fyrir þroskabjálfa og ÞÍ til ársins 2025.

Endurskoðun siðareglna

Siðanefnd hefur verið að endurskoða og uppfæra siðareglur ÞÍ. Árni Már Björnsson hefur verið verkefnastjóri í þeirri vinnu. Haldnir hafa verið rýnihópar í mars og apríl á þessu ári. Áætlað er að þessari vinnu verði lokið fyrir aðalfund ÞÍ 2016.

Erlent samstarf

Þroskabjálfafélag Íslands á aðild að Nordisk Forum for socialpedagoger (NFFS) samtök norrænna þroskabjálfa. Í þessu samstarfi eru félög frá Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku, Færeyjum og Grænlandi.

Á síðasta ári eða 2014 hélt Noregur utan um stjórnarfund í NFFS og voru þeir þá haldnir í Osló. Á þessu ári 2015 tók Finnland yfir að halda fundina og sjá þeir um það næstu tvö árin. Félagið hefur sent tvo fulltrúa á þessa fundi. Þema síðustu funda hefur verið að skoða menntun socialpedagoga á öllum norðurlöndunum.

Árið 2016 verður NFFS 25 ára og af því tilefni var Vagn Michelsen frá Danmörku beðinn um að taka saman sögu NFFS en hann hefur setið í NFFS í 19 ár.

Einnig hafa verið sameiginlegir fundir með Nordiske sosionomforbunds samarbeidskomitee (NSSK) norrænna samtaka félagsráðgjafa og Nordisk forum for sosialpedagoger (NFFS) norrænna samtaka þroskabjálfa. Í sumar verður stór ráðstefna sem haldin verður í Finnlandi dagana 10. – 12. júní 2015 sem NFFS og NSSK koma að.

Félagið er með aðild AIEJI (International Association of Social Educators). Stjórn samtakanna hittist að jafnaði tvisvar á ári og eru fundir haldnir á mismunandi stöðum til að styðja við starfsemi aðildarfélags í viðkomandi landi.

Nefndir og ráð hafa starfað með reglubundnum hætti á árinu. Með starfi í nefndum og ráðum gefa félagar mikilvægt skerf til starfsemi félagsins. Þar er grasrótin og án hennar er ekkert félag. ÞÍ hefur átt miklu láni að fagna með breiðri þátttöku félagsmanna í starfsemi félagsins. Þessum aðilum er seint fullþakkað. Sjá skýrslur frá ráðum og nefndum félagsins aftar í skýrslunni.

Ýmis mál

Útskriftarnemum var boðið til félagsins 19. júní 2014 ásamt starfsmönnum þroskabjálfadeildar HÍ. Tilgangurinn er að bjóða verðandi þroskabjálfa velkomna í félagið, kynna áherslur og starfsemi ÞÍ.

ÞÍ er með tvo sjóði sem félagsmenn geta sótt um í þeir eru **Fag- og fræðslusjóður og Vísindasjóður.**

Markmið Fag- og fræðslusjóðs er að auka tækifæri félagsmanna ÞÍ til að efla og bæta fagkunnáttu meðal annars í framhaldsnámi og starfstengdum þróunarverkefnum.

Vísindasjóður er í dag fyrir þroskaþjálfna sem starfa annars staðar en hjá ríkinu og vinnuveitandi greiðir fyrir í sjóðinn. Upplýsingar má nálgast á heimasíðu félagsins www.throska.is

Síðasta starfsár ÞÍ hefur verið viðburðaríkt og sérlega ánægjulegt. Það er ómetanlegt að fá að vinna með og fyrir þroskaþjálfna.

Að lokum er öllum þeim sem tekið hafa þátt í starfi félagsins færðar kærar þakkir.

Til hamingju með 50 ára afmælið ÞÍ

Reykjavík 25. apríl 2015

Fyrir hönd stjórnar Þroskaþjálfafélags Íslands,

Laufey Elísabet Gissurardóttir, formaður ÞÍ

Skýrsla gjaldkera starfsárið 2014

Gjaldkeri vann með formanni og framkvæmdastjóra félagsins árið 2014. Hann hefur átt samráð við formann, framkvæmdastjóra og stjórn um rekstur félagsins.

Gjaldkeri situr í stjórn Vísindasjóðs ÞÍ og greiðir út styrki með framkvæmdastjóra sem samþykktir eru.

Félagssjóður skilaði rekstarhagnaði upp á kr.: 3.793.727.- eftir fjármagnsliði árið 2014.

Störf gjaldkera eru:

- Vinnur með framkvæmdastjóra.
- Veitir ráðgjöf og aðhald varðandi rekstur félagsins.
- Kemur að gerð fjárhagsáætlunar.
- Gjaldkeri er einnig gjaldkeri verkfalls- og vísindasjóðs félagsins.

Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir

Gjaldkeri ÞÍ

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar Þroskaþjálfafélags Íslands,
Reykjavík.

Ég hef aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Þroskaþjálfafélag Íslands vegna ársins 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Ég hef skipulagt og hagað vinnu minni í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði, að aðstoða Þroskaþjálfafélag Íslands við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins. Ég hef tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild, en ég hef ekki endurskoðað ársreikninginn.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem mér eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Reykjavík, 13. mars 2015


Bjarni Jónsson lögg. end.

Áritun stjórnar

Stjórn Þroskaþjálfafélags Íslands staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2014.

Reykjavík, 16/3 2015

Laufej F. Gísluvekarzel

Guðrun Þorvaldsson Hauktóra Jóhannesd. Sankó

Kristín J. Sigmundsdóttir Guðrún Hallafróusd.

Jón Þorsteinn Sigmundsson Úlvegur p. Þorbjörgu

14. apríl '15 Skoðunarmenn reikninga

Jóhanna Margrét Þinnad.

Þórhildur Guðarsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2014, félagssjóður

	2014	2013
Rekstrartekjur:		
Stéttarfélagsgjöld.....	42.457.491	37.884.233
Hlutdeild í rekstri Húsfélags BHM sf.....	37.909	72.223
Seld vinna.....	1.031.160	
Ráðstefnutekjur.....	542.000	750.000
	44.068.560	38.706.456
Rekstrargjöld:		
Laun og tengd gjöld.....	2 22.391.236	16.667.535
Húsnæðiskostnaður.....	3 1.709.458	1.551.423
Annar kostnaður.....	4 16.174.139	12.151.408
	40.274.833	30.370.366
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagns- og fjármunaliði.....	3.793.727	8.336.090
 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:		
Vaxtatekjur.....	1.356.871	1.030.305
Bankakostnaður og fjármagnstekjuskattur.....	(396.215)	(316.297)
	960.656	714.008
 Rekstrarhagnaður ársins.....	4.754.383	9.050.098

Efnahagsreikningur

	2014	2013
Eignir:		
Hlutir í öðrum félögum:		
Húsfélag BHM sf. 8,92%	<u>14.707.265</u>	<u>14.669.356</u>
Veltufjármunir:		
Útistandandi skuldir.....	4.122.568	3.604.830
Bankareikningar.....	<u>38.693.863</u>	<u>34.365.700</u>
	<u>42.816.431</u>	<u>37.970.530</u>
Eignir alls:	<u><u>57.523.696</u></u>	<u><u>52.639.886</u></u>

Skýringar og sundurliðanir

1. Reikningsskilaaðferðir.

Sömu reikningsskilaaðferðum er fylgt og árið áður.

	2014	2013
2. Laun og tengd gjöld.		
Launagreiðslur.....	17.998.011	13.514.828
Launatengd gjöld.....	4.393.225	3.152.707
	<u>22.391.236</u>	<u>16.667.535</u>

3. Húsnæðiskostnaður.

Húsnæði Borgartún 6.....	1.709.458	1.551.423
	<u>1.709.458</u>	<u>1.551.423</u>

3. Annar kostnaður

Ferðakostnaður utanlands.....	921.715	706.106
Bílastyrkir.....	97.440	96.965
Námskeið.....	30.000	84.570
Veitingar og gestamóttaka.....	49.899	91.120
Fundir og ráðstefnur innanlands - endurgreitt.....	2.271.024	1.989.677
Ráð og nefndir.....	556.898	829.238
Gjaldfærður búnaður.....	258.322	28.900
Póstur og sími.....	312.359	234.143
Ritföng, prentun, auglýsingar, tölvukostnaður.....	646.240	1.272.783
Sérfræðiaðstoð.....	1.270.282	929.986
Ritun sögu félagsins.....	1.400.000	1.300.000
Framlag í Kjaradeilusjóð.....	2.000.000	
Félagsgjöld BHM.....	5.835.132	4.509.458
Framlag Þroskahjálps.....	350.000	
Annar kostnaður.....	174.828	78.462
	<u>16.174.139</u>	<u>12.151.408</u>

3. Eigið fé.

Frá fyrra tímabili.....	51.976.026	42.925.928
Rekstrarhagnaður.....	4.754.383	9.050.098
	<u>56.730.409</u>	<u>51.976.026</u>

Vísindasjóður

Rekstur árið 2014.	2014	2013
Tekjur:		
Vísindasjóðsframlög.....	38.869.969	33.452.723
Vaxtatekjur.....	1.252.616	1.153.988
	<u>40.122.585</u>	<u>34.606.711</u>
Gjöld:		
Vísindastyrkir.....	34.553.448	30.264.002
Fag- og fræðslusjóður.....	164.078	667.500
Tölvukostnaður.....	679.367	
Kostnaður vegna úthlutunar o.fl.....	86.162	104.242
Fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður.....	250.303	230.790
	<u>35.733.358</u>	<u>31.266.534</u>
Rekstrarhagnaður ársins.....	<u>4.389.227</u>	<u>3.340.177</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2014.

Eignir:

Útistandandi vísindasjóðsgjöld.....	5.014.112	4.153.239
Bankareikningar.....	40.036.802	36.508.448
	<u>45.050.914</u>	<u>40.661.687</u>

Eigið fé:

Frá fyrra ári.....	40.661.687	37.321.510
Rekstrarhagnaður ársins.....	4.389.227	3.340.177
	<u>45.050.914</u>	<u>40.661.687</u>

Kjaradeilusjóður

Rekstur árið 2014.	2014	2013
Tekjur:		
Framlag úr félagssjóði skv. ákv. stjórnar.....	2.000.000	
Vaxtatekjur.....	887.451	884.830
	<u>2.887.451</u>	<u>884.830</u>
Gjöld:		
Bankakostnaður og fjármagnstekjuskattur.....	177.486	176.960
	<u>177.486</u>	<u>176.960</u>
Rekstrarhagnaður ársins.....	<u>2.709.965</u>	<u>707.870</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2014.

Eignir:		
Bankareikningar.....	25.160.654	22.450.689
	<u>25.160.654</u>	<u>22.450.689</u>
Eigið fé:		
Frá fyrra ári.....	22.450.689	21.742.819
Rekstrarhagnaður ársins.....	2.709.965	707.870
	<u>25.160.654</u>	<u>22.450.689</u>

Skýrsla Trúnaðarmannaráðs 2014-2015.

Trúnaðarmannaráð skipa 27 fulltrúar ásamt stjórn.

Trúnaðarmannaráðsfundir á starfsárinu voru 4 talsins og voru þeir haldnir 2. maí, 4. september og 14. nóvember 2014 og 27. febrúar 2015. Fundirnir voru allir nokkuð vel sóttir og vel skipulagðir af formanni.

Umræðuefni hvers fundar snérist að mestu leiti um kjarasamninga, starfsmat, starfslýsingar og starfaskilgreiningar en auk þess gafst trúnaðarmönnum tækifæri til að ræða ýmis mál tengdum sínum svæðum og vinnustöðum. Formaður og framkvæmdastjóri upplýstu á hverjum fundi um stöðu mála varðandi kjarasamningana og nýafstaðna starfsmatsfundi. Farið var yfir hlutverk trúnaðarmanna og hvernig þeir geti komið upplýsingum til félagsmanna. Eitt af hlutverkum trúnaðarmanna er að miðla upplýsingum til félagsmanna og virkja þá til þátttöku hjá félaginu og er það mjög mikilvægt sérstaklega þegar kjarasamningar eru lausir. Kynning var á Starfsþróunarsetri háskólamanna en félagsmenn sem starfa hjá ríki og Reykjavíkurborg geta sótt í þann sjóð.

Þetta hefur verið viðburðaríkt ár þar sem töluvert hefur mætt á trúnaðarmönnum vegna kjarasamninga og er þeirri vinnu hvergi nærri lokið þar sem samningar við ríkið, Reykjavíkurborg og sveitarfélögin eru allir lausir árið 2015. Því er mikilvægt að trúnaðarmenn verði enn virkari og enn gagnrýnni á komandi ári enda mikið í húfi fyrir alla félagsmenn ÞÍ.

F.h. Trúnaðarmannaráðs

Halldóra Jóhannsdóttir Sanko, varaformaður ÞÍ

Skýrsla laganefndar 2014-2015

Fulltrúar í Laganefnd Þroskaþjálfafélags Íslands eru:

Rannveig Ragnarsdóttir

Halla Steinunn Hinriksdóttir

Ólafur Garðar Rósinkarsson

Ingunn Rán Kristinsdóttir

Laufey Birna Tryggvadóttir

Tengiliður við stjórn: Jón Þorsteinn Sigurðsson

Í lögum Þroskaþjálfafélags Íslands 11. gr. segir: Laganefnd vinni að og geri tillögur að lagabreytingum.

Ef að félagsmaður hefur athugasemdir um lögina og vill koma tillögu að lagabreytingu. Þá verður að koma þeim til laganefndar fyrir 1. febrúar ár hvert.

Laganefnd fundaði fjórum sinnum á starfsárinu. Laganefnd hefur verið að skoða heildarendur skoðun á lögum ÞÍ en telur það ekki tímabært fyrr en búið er að afgreiða nýjar siðareglur ÞÍ.

Engar athugasemdir bárust laganefnd á starfsárinu og ekki eru tillögur frá laganefnd að lagabreytingum að þessu sinni.

Skýrsla fagráðs ÞÍ starfsárið 2014 – 2015

Fulltrúar Þroskaþjálfafélags Íslands í fagráði 2014-2015 voru:

Ingibjörg Jóhannsdóttir, formaður (2014-2016)

Arne Friðrik Karlsson (2013-2015)

Brynhildur Jónsdóttir (2014-2016)

Elva Ólafsdóttir (2014-2016)

Einar Þór Jónsson (2013-2015)

Margrét Smith (2014-2016)

Sigurbjörg G. Friðriksdóttir (2013-2015)

Kristin Sigurjónsdóttir var tengiliður stjórnar við fagráð.

Hlutverk fagráðs ÞÍ er samkvæmt 11. gr. laga félagsins að vinna að menntamálum þroskaþjálfara, sjá um fræðslufundi, fylgjast með þróun og nýjungum í starfinu og kynna þær félagsmönnum.

Fagráð hittist jafnt og þétt yfir árið. Mestur tími fagráðs fór í að vinna að og skipuleggja starfsdaga Þroskaþjálfafélags Íslands.

Fagráð hélt í nóvember 2014, fræðsluerindi fyrir félagsmenn sína í samkomusal BHM.

Fræðsluerindið var um viðhorf og ábyrgð í vinnu. Erindið hélt Guðrún Snorradóttir sem hefur sérhæft sig í jákvæðri sálfræði. Var þetta erindi hluti af undirbúningi fyrir komandi starfsdaga í janúar.

Eins og áður sagði fór mestur tími fagráðs í að skipuleggja starfsdagana. Byrjað var á skipulagningu strax í ágúst þegar fagráð kom saman eftir sumarfrí. Það sem lagt var upp með fyrir starfsdagana árið 2015 var hvernig þroskaþjálfar geti víkkað út starfsvettvang sinn. Hvernig Þroskaþjálfar geti styrkt sig sem stétt og verið sýnilegri út á við. Ákveðið var að fá til liðs við okkur sálfræðinginn Kristján Má Magnússon sem hefur meðal annars sérhæft sig í stefnumótun fyrirtækja og stjórnenda. Starfsdagarnir voru haldnir dagana 29 og 30 janúar 2015 í Hveragerði, nánar tiltekið á Hótel Örk. Inntak starfsdagana voru þeir að horfa til starfa og starfsvettvangs þroskaþjálfara árið 2025. Starfsdagarnir fóru svo í að móta framtíð þroskaþjálfara með hugmyndavinnu, úrvinnslu og aðgerðaráætlun í kjölfarið. Heilt yfir litið tókust starfsdagarnir vel og voru félagsmenn ánægðir. Ákveðið var eftir starfsdagana að ráða verkefnastjóra í 20% stöðu í tvo mánuði til að vinna úr niðurstöðum þeirra og koma með drög að gildum félagsins og stefnumótun í kjölfarið. Hanna Kristín Sigurðardóttir, þroskaþjálfari var ráðin í verkið. Fagráð fagnar þessari nýjung þar sem gífurleg vinna liggur að baki að vinna úr starfsdögum og liggur það ekki svo greiðfært fyrir meðlimi úr fagráði að sinna þeirri vinnu í sjálfboðavinnu. Samt sem áður er þetta verkefni stórt og viðamikið og fagráð mun vinna þétt með Hönnu Kristínu þar til drög að gildum félagsins eru ljós og svo stefnumótun til ársins 2025. Fyrstu drög að stefnumótun félagsins verða kynnt á aðalfundi félagsins þann 26. mars næstkomandi. Fræðsla annarinnar mun svo vera helguð kynningu á niðurstöðum starfsdagana. Formaður fagráðs fór ásamt formanni Þroskaþjálfafélagsins á stjórnarfund NFFS. Stjórnarfundur var haldinn í Osló í október 2014. Að mæta á stjórnarfund NFFS er mikilvægur vettvangur til að vera í norrænu samstarfi og hitta kollega á norðurlöndunum. Stærsta verkefni stjórnarfundarins var að skoða og kortleggja menntun þroskaþjálfara á norðurlöndunum. Næst tekur Finnland við keflinu og mun halda stjórnarfund NFFS næstu tvö árin.

Reykjavík 25. febrúar 2015

f.h. fagráðs, Ingibjörg Elín Jóhannsdóttir formaður

Skýrsla útgáfuráðs 2014-2015

Eins og önnur starfsár er það meginverkefni útgáfuráðs að gefa út blaðið Þroskaþjálfann. Í tilefni 50 ára afmælis Þroskaþjálfafélagsins var ákveðið að leita sérstaklega eftir greinum þar sem þroskaþjálfar segja frá starfi sínu. Starfsvettvangur þroskaþjálfara er í dag orðinn fjölbreyttur vettvangur og því kjörið tækifæri á afmælisári okkar að vekja athygli á hvar við erum og í hverju starfið okkar felst.

Vegna útgáfu bókarinnar „Þroskaþjálfa á Íslandi“ verður útgáfu blaðsins frestað og kemur út þann 2.október 2015 á Alþjóðadegi Þroskaþjálfa.

Frestur til þess að skila inn greinum fyrir blaðið í ár er nú 15.júní og hvet ég alla til þess að skrifa grein. Nánari upplýsingar um greinarskrif er hægt að sjá á heimasíðu

Þroskaþjálfafélagsins www.throska.is undir útgáfuráði.

Útgáfuráð hélt 8 fundi á árinu en talsverður hluti okkar starfs felst þó í tölvupóst samskiptum við þroskaþjálfa vegna blaðaskrifanna.

Útgáfuráð skipa starfsárið 2014-2015:

Áslaug Rut Kristinsdóttir ritstjóri

Herdís Ingibjörg Svansdóttir ritari

Kristrún Sigurjónsdóttir

Oddrún Ólafsdóttir

Guðný Jónsdóttir

Fyrir hönd rannsóknarstofu í Þroskaþjálfraeðum sat Kristín Lillendahl útgáfuráðsfundi í vetur.

Skýrsla siðanefndar starfsárið 2014-2015

Siðanefnd Þ.Í. hélt fyrsta fund starfsársins þann 1. september 2014. Frá síðasta aðalfundi til þessa dags hefur siðanefnd fundað 11 sinnum.

Aðalverkefni siðanefndar þetta starfsár hefur verið að endurskoða og uppfæra siðareglur félagsins. Verkefnastjóri þeirrar vinnu er Árni Már Björnsson fyrrverandi fulltrúi í siðanefnd og nú varamaður.

Siðanefnd hefur nú kallað saman rýnihóp þroskaþjálfa og lagt fyrir hann drög að nýjum siðareglum Þ.Í. Þrjú fundir eru á dagskrá með rýnihópnum á tímabilinu 24. febrúar – 24. mars.

Þá mun taka við áframhaldandi vinna við endurskoðun á siðareglum Þ.Í. Áætlað er að þeirri vinnu sé lokið tímanlega fyrir aðalfund Þ.Í 2016.

Ekkert erindi hefur borist til siðanefndar á yfirstandandi starfsári.

Siðanefnd skipa:

Hrefna Sigurðardóttir

Guðbjörg B. Guðmundsdóttir

Signý Þórðardóttir

Skýrsla Vísindasjóðs starfsárið 2014-2015

Í stjórn Vísindasjóðs sitja: Valborg Helgadóttir formaður, Þórunna Halldórsdóttir ritari, Ragnheiður Elín Ragnarsdóttir meðstjórnandi, Bjarnveig Magnúsdóttir meðstjórnandi og Vibeke Þorbjörnsdóttir gjaldkeri Þ.Í.

Haldnir voru þrjú fundir á starfsárinu og var þar af einn fundur vegna úthlutunar úr Fag- og fræðslusjóði. Framkvæmdastjóri vann úr niðurstöðum stjórnar og gekk frá greiðslum til styrkþega. Fyrir árið 2014 bárust 490styrkhæfar umsóknir í Vísindasjóðinn. Upphæðin sem kom til úthlutunar var kr.3.4553448.- og skiptist jafnt á milli umsækjenda (greitt eftir starfshlutfalli). Umsóknarferli Vísindasjóðs er til 15. maí og greitt er út fyrir 1. júní.

Ein beiðni um endurskoðun á afgreiðslu umsóknar frá árinu 2013 barst sjóðnum. Þeirra beiðni var hafnað út frá reglum sjóðsins.

f. h. Vísindasjóðsstjórnar

Valborg Helgadóttir

Skýrsla kjörnefndar 2014-2015

Kjörnefnd 2014-2015 skipuðu:

Valborg Helgadóttir formaður, Hrafnhildur Lára Þórðardóttir, Sigríður Rut Hilmarsdóttir, Katrín Sigursteinsdóttir og Rún Halldórsdóttir

Nefndin fundaði 1 sinnum á tímabilinu auk þess að nýta sér tölvupósta, og símtöl til að sinna verkefnum nefndarinnar. Verkefni kjörnefndar er að leita eftir framboðum í stjórn, nefndir, og ráð á vegum félagsins.

Sextán þroskaþjálfar luku kjörtímabili sínu í stjórn, ráðum og nefndum félagsins, fimm þroskaþjálfar gáfu kost á sér til áframhaldandi setu og því 9 ný nöfn á lista þeim sem kjörnefnd stillir upp fyrir stjórn, og nefndir. Vel gekk að manna í öll embætti. Ánægjulegt var að það bárust framboð að eigin frumkvæði, ábendingar um gott fólk eftir að auglýsing var send á póstlista félagsins.

Í lokin vill kjörnefnd bjóða væntanlega stjórn, ráð og nefndir velkomin til starfa og þakka þeim sem láta af störfum.

F.h. kjörnefndar,
Valborg Helgadóttir

Tillögur kjörnefndar í stjórn, nefndir og ráð fyrir 2015–2017

Stjórn ÞÍ

Stjórnarmenn	hlutverk	verður áfram/ segir af sér	gefur kost á sér í stjórn 2015-2017
Laufey E. Gissurardóttir	formaður	(2014-2016)	
Halldóra Jóhannesdóttir Sanko	varaformaður	(2013-2015)	Hanna Kristín Sigurðardóttir Bjarnveig Magnúsdóttir
Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir	gjaldkeri	(2013-2015)	Vibeke Þ.Þorbjörnsdóttir
Jón Þorsteinn Sigurðsson	meðstjórnandi	(2013-2015)	Halldóra Jóhannesdóttir Sanko
Steinunn Jónsdóttir	meðstjórnandi	(2014-2016)	
Guðrún Halla Jónsdóttir	meðstjórnandi	(2014-2016)	
Kristín Sigurjónsdóttir	meðstjórnandi	(2014-2016)	

Útgáfuráð

Auður Kvaran		(2014-2016)	Sólveig Steinsson (2015-2016)
Oddrún Ólafsdóttir		(2014-2016)	
Áslaug Rut Kristinsdóttir		(2013-2015)	Áslaug Rut Kristinsdóttir
Kristrún Sigurjónsdóttir		(2013-2015)	Sigríður Árnadóttir
Guðný Jónsdóttir		(2014-2016)	
Herdís Ingibjörg Svansdóttir		(2013-2015)	Jóhanna Lilja Ólafsdóttir

Fagráð

Arne Friðrik Karlsson		(2013-2015)	Arne Friðrik Karlsson
Elva Ösp Ólafsdóttir		(2014-2016)	
Margrét Smith		(2014-2016)	Kristbjörg Hjaltadóttir (2015-2016)
Einar Þór Jónsson		(2013-2015)	Einar Þór Jónsson
Sigurbjörg G. Friðriksdóttir		(2013-2015)	Freydís Frigg Guðmundsdóttir
Ingibjörg E. Jóhannesdóttir		(2014-2016)	
Brynhildur Jónsdóttir		(2014-2016)	

Laganefnd

Ólafur Garðar Rósinkarsson		(2013-2015)	Margrét Rannveig Halldórsdóttir
Ingunn Rán Kristinsdóttir		(2013-2015)	Birna Rebekka Björnsdóttir
Rannveig Ragnarsdóttir		(2014-2016)	
Laufey Birna Tryggvadóttir		(2013-2015)	Andrea Bergmann Halldórsdóttir
Halla Steinunn Hinriksdóttir		(2014-2016)	

Kjörnefnd

Sigríður Rut Hilmarsdóttir		(2013-2015)	Bjarghildur Pálsdóttir
Valborg Helgadóttir		(2013-2015)	Valborg Helgadóttir
Katrín Sigursteinsdóttir		(2013-2015)	Guðrún Jakobsdóttir
Rún Halldórsdóttir		(2014-2016)	
Hrafnhildur Lára Þórðardóttir		(2014-2016)	

Skoðunarmenn reikninga kosnir árlega

Jóhanna Margrét Árnadóttir
Þórhildur Garðarsdóttir
Þórunn Böðvarsdóttir til vara

Fulltrúar sem stjórn tilnefnir

Siðanefnd

Signý Þórðardóttir (2015-2018)

Hrefna Sigurðardóttir (2013-2016)

Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir (2014-2017)

Varamenn

Sigríður Daníelsdóttir (2015-2018)

Friðrik Sigurðsson (2013-2016)

Árni Már Björnsson (2014-2017)

Fulltrúi PÍ í Landsamtökunum Þroskahjálþ verður skipaður á fyrsta fundi nýrrar stjórnar